



Skólasóknarkerfi í 1. - 10. bekk fyrir Ingunnarskóla

Nemendur fá einkunn fyrir skólasókn sem gildir fyrir allt skólaárið. Allir nemendur byrja með einkunnina 10 og er sýnileg í Mentor.

Skrifstofa sendir foreldrum á tveggja vikna fresti upplýsingar í tölvupósti um stöðu skólasóknar.

Komi nemandi í kennslustund eftir að kennsla hefst fær hann eitt fjarvistarstig. Fyrir óheimila fjarvist fær nemandi tvö fjarvistastig og fjögur stig fyrir að vera vísað út úr kennslustund.

Fyrir hverja viku sem nemandi er án punkta afskrifast 1 punktur og hækkar þá skólasóknareinkunn hans sem því nemur.

Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar:

10 fjarvistastig

Umsjónarkennari ræðir við nemanda og hefur samband við foreldra, leitar skýringa og úrbóta á málinu.

20 fjarvistastig

Umsjónarkennari boðar til fundar foreldra og nemenda, náms og starfsráðgjafa og skólastjóra (eða fulltrúa hans). Skólastjóri tekur við stjórn málsins og leitar skýringa og úrbóta.

30 fjarvistastig

Skólastjóri leitar eftir aðstoð hjá nemendaverndarráði skólans. Þá er haldinn fundur með skólastjórnanda, umsjónarkennara, foreldrum og nemanda.

40 fjarvistastig

Nemendaverndarráð leitar til skólaþjónustu miðstöðvar Reykjavíkur. Fundur með skólastjórnanda, umsjónarkennara, foreldrum, nemanda og fulltrúa skólaþjónustu.

60 fjarvistastig

Nemendaverndarráð skólans tilkynnir skólasókn nemandans til Barnaverndar Reykjavíkur. Málið er unnið skv. verklagsreglum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins vegna nemenda með fjölþættan vanda.

STIG	0-5	6-10	11-15	16-20	21-25	26-30	31-35	36-40	41-45	46-50	> 50
Einkunn	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	0